

Ed. 138. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Í 7. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 4. málsgrein svohljóðandi:

Þegar sjóðsstjórn fjallar um mál, sem varða grásleppuveiðar, skal hún kveðja til tvo fulltrúa frá Samtökum grásleppuhrognafurðuendna, er hafi málfrelsi og tillögurétt varðandi þær veiðar. Telji fulltrúar samtakanna afgreiðslu sjóðsstjórnar orka tvímælis, er þeim heimilt að skjóta henni til sjávarútvegsráðuneytisins, sem fellir úrskurð um ágreiningsefnið.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Ef afli grásleppubáts er á einu veiðitímabili minni en 10 tonnur eða tilsvarendi samantlagt andvirði grásleppuafurða, verður ekki um bótaksyldu að ræða.

Það er skilyrði fyrir bótum úr sjóðnum, að eigandi grásleppubáts framvísi vottorði Siglingamálastofnunar um að fullnægt sé reglum um öryggi skips og búnaðar, sé báturinn minni en 6 metrar á lengd.

3. gr.

Við 21. gr. laganna nr. 80/1971 bætist:

Par á meðal sérstaka reglugerð um skiptingu bótasvæða fyrir grásleppuveiðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir seinasta Alþingi, 103. löggjafarþing, var lagt frumvarp til laga um aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna. Þóttu grásleppuveiðarnar hafa svo mikla sérstöðu, að aflatryggingar þeirra ættu ekki heima í lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, heldur bæri að setja um þær sérstök lög. Málið hlaut ekki afgreiðslu á seinasta þingi. Var það sent til umsagnar ýmsum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Sætti það andmælum flestra þessara aðila, yfirleitt án sérstaks rökstuðnings eða skýringa, nema helst frá Fiskifélagi Íslands, enda var í frumvarpinu gert ráð fyrir ýmissi fyrirgreiðslu Fiskifélagsins við framkvæmd laganna.

Sú leið var því farin að taka upp viðræður við Fiskifélagið um það, hvernig þessu hagsmunamáli grásleppuveiðimanna yrði best fyrir komið, enda eru innan vébanda Fiskifélagsins allir helstu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, auk þess sem það hefir með höndum umsjá Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins og framkvæmd laganna um hann undir sérstakri stjórn, sem forseti félagsins gegnir formennsku í samkvæmt lögnum.

Þótt Samtök grásleppuhrognaframleiðenda hefðu heldur kosið þann háttinn, sem valinn var í frumvarpinu, sem lagt var fyrir seinasta þing, hefir það samt orðið ofan á að leggja til að þeir gangi inn í Aflatryggingasjóðinn. Í 2. gr. laga nr. 4 2. febrúar 1980 um breytingu á lögum nr. 80/1971 segir, að í hinni almennu deild sjóðsins eigi öll fiskiskip réttindi án tillits til stærðar, enda sé greitt af endanlegum afurðum (afurðaverðmæti) úr aflanum útflutningsgjald (til sjóðsins). Þessu skilyrði yrði fullnægt, ef samþykkt verður frumvarp til laga um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, sem lagt er fyrir Alþingi jafnframt þessu frumvarpi. Rétt þótti að bæta inn í lögin nokkrum sérstökum en þó í sjálfu sér veigalitlem ákvæðum varðandi grásleppuveiðarnar og koma þau fram í frumvarpi þessu.

Með þessari málsmeðferð virðist svo sem að úr sögunni ætti að vera ágreiningur um fyrirkomulag á aflatryggingum grásleppuveiðimanna. Þar sem reynsla er ekki fyrir hendi getur leikið vafi á því, hvort þær tekjur, sem grásleppuveiðarnar leggja til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs, séu nægar. Í athugasemdum fyrir frumvarpinu í fyrra var leitast við að sýna fram á, að þær tekjur sem þeim sérstaka aflatryggingasjóði, sem stofnsetja skyldi samkvæmt því, myndu nægja, en þær tekjur sem nú er gert ráð fyrir að renni til Aflatryggingasjóðs eru talsvert hærri, þegar með er talið mótframlag ríkissjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi skýrir sig að mestu sjálf. Forsendur fyrir ákvæðum hennar eru fyrst og fremst þær að nú, ef frumvarp þetta verður að lögum, þarf sjóðsstjórn fyrst um sinn að hugsa um málefni atvinnugreinar, sem þar hefir ekki áður borið á góma. Þykir því rétt að sérfróðir hagsmunaaðilar komi þar til skjalanna. Þar sem um nýjan málaflokk er að ræða gæti, einkum fyrst í stað, komið upp misskilningur og ágreiningur, sem rétt þykir að fulltrúar grásleppuveiðimanna geti skotið til sjávarútvegsráðuneytisins sem hlutlauss úrskurðaraðila.

Um 2. gr.

Efni fyrri málsgreinar er tekið efnislega óbreytt úr frumvarpinu í fyrra og er ekki vitað til þess að það í sjálfu sér geti valdið neinum ágreiningi.

Í 2. mgr. er lagt til, að bótaréttur sé háður því, að bátseigandi framvísi vottorði Siglingamálastofnunar um að fullnægt sé reglum um öryggi skips og búnaðar.

Í lögum nr. 101 29. desember 1980, um breytingu á lögum nr. 80/1971, II. kafla, eru

ákvæði um áhafnadeild, sem er ein af deildum Aflatryggingasjóðs og fjallar um fæðisgreiðslur til sjómanna á fiskiskipum. Í c. lið 1. mgr. 1. gr. laganna er ákveðið að skipverjar á opnum vélbátum skuli njóta fæðisgreiðslna og er eigendum þeirra báta gert skylt að framvísa öryggisvottorðum Siglingamálastofnunar. Í b. lið er ákveðið um fæðisgreiðslur til skipverja á fiskibátum með þilfari, sem eigi lúta lögskráningarskyldu, þ. e. a. s. bátum sem eru minni en 12 brúttórúmllestir að stærð. Skoðunarskylda tekur hins vegar til allra fiskiskipa, sem eru 6 metrar á lengd og þar yfir. Grásleppuveiðar eru ekki leyfðar á bátum sem eru minni en 12 brúttórúmllestir.

Grásleppuveiðimenn óska ekki eftir og telja með öllu óþarft, að fæðispeningar séu greiddir þeim, enda greiðist ekki til áhafnadeildar útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Hið sama gildir raunar um verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs. Í I. kafla laga nr. 80/1971, sem hefir að geyma hin almennu ákvæði um hina almennu deild Aflatryggingasjóðs, eru eigi ákvæði um öryggisbúnað. Þótti því nauðsynlegt að koma hér að ákvæði um hann. Er hér fyrst og fremst um að ræða öryggisatriði fyrir grásleppuveiðimenn, sem allir eru væntanlega sammála um að skuli jafnan gætt eins og um aðra fiskimenn.

Um 3. gr.

Reglugerðarákvæði um grásleppuveiðar verða öll miklu einfaldari en um hinar margvíslegu aðrar veiðar og munu vart snúast um annað, sem máli skiptir, en að skipta landinu í bótasvæði. Við þá skiptingu er meira en víst, að gildi margvísleg önnur sjónarmið en gilda um hinar margvíslegu aðrar veiðar. Þegar af þessari ástæðu þykir rétt að gera ráð fyrir sérstakri reglugerð um þetta efni auk þess hér er um að ræða nýjan þátt í starfsemi Aflatryggingasjóðs.

Um 4. gr.

Í frumvarpi til laga um útflutningsgjald af grásleppuafurðum er gert ráð fyrir því að þau lög, ef samþykkt verða, taki gildi 1. apríl 1982. Að vísu gæti ekki reynt á neina bótaskyldu af hendi Aflatryggingasjóðs fyrr en að lokinni grásleppuvertíð síðla næsta árs. Tekjur að ráði til að standa straum af bótum munu heldur ekki hafa skapast, fyrr en langt kemur fram á árið og afurðir hafa verið seldar. Hér er aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða og virðist eðlilegt að láta bæði frumvörpin fylgjast að, að þessu leyti, ef að lögum verða.